

stofunni. Vindurinn hvein og það hlés í gegn um skráargötin og undir hurðirnar.

Mamma sat í stóra ruggu-stólnum með börnin sín öll í kring um sig. Villi litli, yngsta barnið, sat í kjöltu hennar. Solla á annari stólbríkinni. Kobbi á hinni, og hölluðu sér upp að mömmu sinni, en Siggi, elsti drengurinn, sat fyrir framað hana á fótaskemli eins nærrí henni og honum var unt.

„Mér þykir vænt um þig, mamma!“—sagði Solla.

„Mér líka!“ „Mér líka!“ „Mér líka!“—hrópuðu öll hin í einu hljóði hvert í kapp við annað.

„Mér þykir vænna um þig en nokkur annar getur gert, því eg er elstur. Mér hefur þótt vænst um þig lengst“ — sagði Siggi.

„Mér þykir vænst um þig, því eg er eina stúlkan þín“—sagði Solla.

„Mér þykir svo vænt um þig, að eg vildi að stórt bjarn-dýr elti þig, þá skyldi eg skjóta það“—sagði Kobbi.

„Eg get ekki sagt, hvað mér þykir vænt um þig“—sagði Villi litli og lagði handlegginga um hálsinn á mömmu sinni og kysti hana og kysti.

Þá kystu öll börnin hana í einu og þau ætluðu nærrí því að kæfa aumingja-mömmu í kossum og ástaratlotum.

„þykir ykkur vænt um mig, börn?“—spurði hún. „Vitið þið eiginlega, hvað kærleikur er?“

„Nú, kærleikur er kærleikur — eitthvað, sem madur finnur til í hjarianu og lætur mann langa til að gera eitthvað fyrir einhvern.“

„Já, kærleikur er að gera eitthvað, ekki það, sem madur sjálfur vill,—heldur gera eitthvað fyrir einhvern annan, máske eitthvað ervitt og óskemtilegt.“

Rétt í þessu blístraði pósturinn fyrir utan dýrnar, og börnin hlupu til þess að vita, hvað hann hefði komið með. „Það er bréf til mínn“—sagði mamma, og opnaði það og fór að lesa. „Eg þarf að skrifa og svara því undir eins, svo að það geti komist með kvöldpóstinum. Hvert ykkar vill fara með bréf fyrir mig í póstkassann?“

Siggi leit út um gluggann. Vatnsstígvélin hans voru uppi á lofti. Æ, hann átti eftir fimm reikningsdæmi. Því gat ekki bréfið bedið til morguns? Hann gat farið með það um leið og hann færí á skólann.

Kobbi leit líka út um gluggann. Úh! En það myrkur! Ekki vildi hann vera einn úti í öðru eins myrkri. Hann var